

REGLUGERÐ um Listasafn Íslands.

1. gr.

Stjórn safnsins.

Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og er höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist.

Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdir safnastefnu á sviði myndlistar.

Ráðherra fer með yfirstjórn safnsins samkvæmt myndlistarlögum.

2. gr.

Safnstjóri.

Ráðherra skipar forstöðumann Listasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun safnstjóra einu sinni til næstu fimm ára. Skal við ákvörðun launa hans taka tillit til tímabundinna ráðningar.

Safnstjóri stjórnar starfsemi og rekstri safnsins og mótar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn safnsins og er í fyrisvari fyrir það. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á vegum safnsins og sér um aðra venjulega starfsemi.

Safnstjóri hefur umsjón með gerð fjárlagatillagna.

Safnstjóri situr í innkaupanefnd safnsins samkvæmt stöðu sinni.

3. gr.

Skipulag.

Safnstjóri mótar skipulag safnsins, setur því skipurit og setur hverjum starfsmanni starfslýsingu.

4. gr.

Innkaupanefnd.

Á vegum Listasafns Íslands starfar þriggja manna innkaupanefnd skipuð af ráðherra til þriggja ára í senn. Í nefndinni situr safnstjóri, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Innkaupanefnd ákveður kaup listaverka til safnsins. Við val listaverka ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.

Innkaupanefnd getur heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum.

Innkaupanefnd fjallar um gjafir sem Listasafni Íslands eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Safnið má aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf, nema að fengnu samþykki gefanda.

Heimilt er að fenginni umsögn innkaupanefndar að selja listaverk úr eigu Listasafns Íslands í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann er æskilegra þykir að sé í eigu safnsins.

5. gr.

Helstu verkefni.

Listasafn Íslands skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar og erlendrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og miðla, innan lands og utan, og kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar.

Safnið skal afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri myndlist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknastarfa. Þar skal vera meginheimildasafn á sviði íslenskrar myndlistar sem hefur að geyma heimildir og gögn sem fjalla um íslenska myndlist:

Útgefin rit, sýningarskrár, úrkippur, tímarit, bókverk, smáefni, veggspjöld sem og myndheimildir, s.s. ljósmyndir, litskyggjur, myndbönd, kvíkmyndir og hljóðbönd o.fl. sem snerta sviðið.

6. gr.

Útlán.

Heimilt er að lána listaverk í eigu safnsins tímabundið til annarra safna eða stofnana, á list-sýningar eða til rannsókna, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Öll lán á listaverkum þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði Listasafns Íslands um útlán verka, sbr. og 3. mgr.:

- Verk skulu hengd upp af fagmanni á vegum safnsins, þegar því verður við komið. Óheimilt skal að breyta staðsetningu verks án leyfis safnsins. Verk skulu flutt á milli staða í sér-stökum þar til gerðum listaverkaumbúðum á kostnað lántaka.
- Yfirmenn stofnana skulu ábyrgir fyrir verkum sem lánuð eru í stofnanir þeirra og bera þar með ábyrgð á öryggi þeirra og ástandi. Settum öryggisreglum safnsins skal fylgt í meðferð verka hvað hita, raka og sólarljós varðar, auk annars öryggis. Ef eitthvað kemur fyrir listaverk á meðan það er á ábyrgð lántaka, þannig að gera þurfi við það eða skipta um ramma, skal það gert á kostnað lántaka að fengnu leyfi safnstjóra Listasafnsins. Verk sem eru í útláni skulu sérstaklega tryggð á kostnað viðkomandi stofnunar. Tryggingafjárhæð skal ákveðin af safninu í samráði við lántaka. Ef ríkisstofnun á í hlut fer um tryggingar eftir almennum reglum ríkisins um kaup á vátryggingum.
- Ef um vanrækslu af hálfu lántaka er að ræða á meðferð verka, samkvæmt reglum þessum, skal þeim strax skilað ef safnstjóri Listasafnsins eða fulltrúi hans óskar eftir því. Ef verk eru kölluð inn til sýninga getur lántaki óskað eftir að fá annað verk að láni í staðinn.

Gengið skal frá skriflegu samkomulagi milli Listasafns Íslands og hlutaðeigandi stofnunar, þar sem tilgreindir eru allir skilmálar fyrir láni listaverksins eða listaverkanna, þar með talin gjaldtaka, sbr. 5. mgr., lánstími og meðferð verkanna meðan á láni stendur.

Pess skal gætt við útlán verka að höfundur eða heildarsamtök myndhöfunda í umboði hans hafi veitt til þess samþykki sitt.

Heimilt er að taka gjald fyrir útlán listaverka samkvæmt þessari grein og skal gjaldið ákvárdast hverju sinni miðað við beinan kostnað safnsins vegna útlánanna og þá vinnu sem safnið innir af hendi í því skyni. Skulu þeir kostnaðarþættir skilgreindir í samningnum. Þá skal gjaldið tryggja greiðslu til myndhöfunda, sbr. ákvæði höfundalaga.

7. gr.

Gjaldtökuhheimild.

Listasafni Íslands er heimilt að taka aðgangseyri.

Listasafnið getur tekið gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útlán á listaverkum, ljósmyndun þeirra, afnot af ljósmyndum, hvers konar sérunnar skrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildapjónustu og fjölföldun hvers konar, til að standa straum af kostnaði, auk sérstaks gjalds vegna höfundaréttar þegar hann er í höndum safnsins. Myndheimildir safnsins og litgreiningar skulu aðeins lánaðar gegn skilatryggingu.

Opinber birting mynda af verkum safnsins er óheimil nema með sérstöku leyfi safnsins, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga.

Safnstjóri setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtoku, er taki mið af kostnaði. Auk þjónustu-gjalds skal safnið fá að minnsta kosti 3 eintök af verki því, þar sem listaverk safnsins birtist.

8. gr.

Fjárhagur.

Kostnaður af rekstri Listasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Listasafnið getur einnig haft tekjur af eigin starfsemi, styrkjum og öðrum framlögum.

Tekjum safnsins skal varið í þess þágu.

Nr. 171

27. janúar 2014

9. gr.
Sýningahald.

Óheimilt er að halda aðrar sýningar í sýningarsölmum safnsins en þær sem safnið stendur sjálft að eða vinnur í samvinnu við aðra.

10. gr.
Önnur nýting á húsakynnum safnsins.

Safnstjóri getur heimilað að húsakynni safnsins séu notuð til annars en sýninga, enda sé listrænn metnaður hafður í fyrirrúmi í hvívetna.

11. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. gr. myndlistarlaga og öðlast þegar gildi.
Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 703/2007.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 27. janúar 2014.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. febrúar 2014